



Fundargerð stjórnar SSA

Fundur nr. 2 starfsárið 2014 – 2015

Fundur var haldinn í stjórn SSA þriðjudaginn 23. september 2014. Fundarstaður Egilsstaðir. Fundurinn hefst kl. 14:00 á Vonarlandi, Tjarnarbraut 39 e.

Mættir voru: Arnbjörg Sveinsdóttir, Sigrún Blöndal, Stefán Grímur Rafnsson, Gunnar Jónsson, Gauti Jóhannsson og Hákon Hansson. Jón Björn Hákonarson komst ekki á fundinn en tók þátt í gegn um síma.

Þá sátu fundinn framkvæmdastjóri Austurbrúar, Jóna Árný Þórðardóttir og Bergþóra Arnórsdóttir fulltrúi hjá Austurbrú sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerðir:

- a) Stjórnarfundur SSA dags. 19.9.2014. Fundargerðin samþykkt með lítilsháttar orðalagsbreytingu í lið 1.c.

2. Kjördæmavika:

- a) Skipulagning funda með þingmönnum. Jóna Árný fer yfir fundaskipulag þriðjudaginn 30. september. Sett verður upp dagskrá og reynt að láta tvö til þrjú sveitarfélög sameinist um fundi til að fá rýmri tíma til að ræða málefni.
- b) Málefni á dagskrá. Ályktanir aðalfundar eru helstu málefni, sérstök áhersluatriði fundarmanna eru; sýslumanns- og lögreglustjóraembættin, fjarskiptamál í dreifbýli, húshitunarkostnaður, almenningssamgöngur, innanlandsflug, heilbrigðismál, sóknaráætlanir.

3. Önnur mál:

- a) Rætt um aksturskostnað stjórnarmanna, skráning fer fram á hverjum fundi. Óskað er eftir að fjármálastjóri Austurbrúar fari yfir aksturmál seinasta árs og jafnframt óskað eftir að akstur verði gerður upp mánaðarlega miðað við fyrirliggjandi gögn hverju sinni.
- b) Ákveðið að fundir stjórnar hefjist að öllu jöfnu kl. 12.30.
- c) Fundur verður með fjárlaganefnd 8. október kl. 11. Framkvæmdaráð skipuleggur fundinn.
- d) Fundur með innanríkisráðherra um almenningssamgöngur er á dagskrá, miðvikudaginn 20. september kl. 18 í Hofi á Akureyri. Framkvæmdastjóri Austurbrúar og stjórnarformaður SSA fara á fundinn fyrir hönd SSA.
- e) Starfsmaður SSA. Stjórn þarf að skilgreina verkefni starfsmanns. Stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Austurbrúar verði falið í framhaldi af



starfagreiningunni gera drög að þjónustusamningi og skoða í því samhengi samstarfssaming Austurbrúar og SSA, starfslýsingu fulltrúa sveitarstjórnarmála ásamt tillögum frá Starfsháttanefnd Austurbrúar.

- f) Næsti fundur ákveðinn 21. október kl. 12.30 á Seyðisfirði, fundargögn verða send í tölvupósti en ekki ljósrituð á fundum, dagskrá boðuð í dagatali Outlook.
- g) Almannaþingarnir, fara þarf fram á að almannaþingarnefndir geri sameiginlega viðbragðsáætlun. Gauta falið að kalla eftir sameiginlegri viðbragðsáætlun fyrir hönd SSA í samræmi við ályktun aðalfundar.

Fundi slitið kl. 15.25

Bergþóra Arnórsdóttir, ritar fundargerð.